

Sp.

78. Tillaga til þingsályktunar

[71. mál]

um breytta skipun strandferða.

Flm.: Gísli Jónsson, Sigurður Ágústsson.

Alþingi ályktar að kjósa fimm manna nefnd hlutbundinni kosningu í sam-
einuðu þingi til þess að framkvæma á því athugun, hvort tiltækilegt sé með breyttri
skipan strandferða að draga verulega úr síauknum rekstrarhalla strandferðaskipa
ríkisins, sem sýnilega stafar af minnkandi verkefnum skipanna vegna aukinna
samgangna síðari tíma um loft, land og sjó og þar af leiðandi vaxandi samkeppni
um flutninga á fólki og vörum, enda sé tryggt, að samgöngurnar í heild sumar og
vetur verði að engu leyti lakari fyrir landsbyggðina en nú er. Ráðherra skipar
einn hinna kjörnu manna formann nefndarinnar. Skal nefndin hafa lokið störfum
og skilað tillögum sínum til ríkisstjórnarinnar fyrir 1. ágúst n. k.

Kostnaður við nefndina greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Tillögur um þetta efni höfum við flm. flutt á undanförunum þingum, og hafa
þær eigi náð samþykki Alþingis.

Í ræðu sinni við 1. umr. fjárlaga upplýsti fjármálaráðherra, að hækka yrði
framlag til rekstrar strandferðanna um 4.5 millj. kr. frá því, sem tekið var upp
á fjárlög yfirstandandi árs. Væri þessi upphæð þó ekki eins há og tillaga frá
forstjóra skipaútgerðarinnar, og mætti því búast við því, að upphæðin gæti orðið
nokkru hærri á rekstrarreikningi.

Samkvæmt rekstrarreikningi fyrir s. l. ár var rekstrartap á m/s Heklu kr.
2836644.09, á m/s Esju kr. 3277562.83, á m/s Herðubreið kr. 984155.29 og á m/s
Skjaldbreið kr. 982666.91, eða alls 8081029.12 á þessum fjórum skipum. En alls
er rekstrarhalli á skipaútgerðinni á þessu ári rúmar 9 millj. kr. Ráðherra taldi í
ræðu sinni ekki gerlegt að hækka flutningsgjöldin, enda vitanlegt, að slíkt mundi
aðeins hafa í för með sér enn minnkandi flutningsmagn og kæmi því ekki að til-
ætludum notum, nema aðrar ráðstafanir til tryggingar nægilegu flutningsmagni
séu gerðar samhliða. Af þessu er ljóst, að gera verður ráðstafanir nú þegar til
tryggingar því, að síaukinn rekstrarhalli skipanna, sem sýnilega á rót sína að rekja
til vantandi verkefna og aukinnar samkeppni um flutninga, verði stöðvaður og þá að
sjálfsögðu fyrst og fremst með breyttri skipan þessara mála, sem þó tryggi fólk-
inu eigi lakari heildarsamgöngur en það á nú við að búa, bæði vetur og sumar.

Það er sýnilegt, að hinar breyttu samgöngur á landi og í lofti hafa valdið því,
að verkefni „Heklu“ og „Esju“ hafa gerbreytt frá því, sem áður var. Fyrir þá
upphæð, sem greiða hefur orðið í rekstrarhalla á þeim árið 1954, mætti starfrækja
6 strandferðabáta af sömu stærð og „Skjaldbreið“, og er þó vitað, að í strand-
ferðum hefur „Hekla“ engan veginn verið allt árið. Bendir þetta m. a. til þess, að
aðkallandi sé, að mál þessi öll verði athuguð og skipulögð á ný með tilliti til
þeirrar þróunar, sem orðið hefur í samgöngunum síðan sú skipan, sem nú er á
strandferðunum, var tekin upp.

Er þess vænt, að þingmenn sjái nauðsyn þess að skipa þessum málum betur
en nú er gert og spara þannig ríkissjóði stórar fjárfúlgur.